

Samskipti heimila og skóla

Þegar litið er til niðurstaðna rannsókna á áhrifum foreldra á nám og líðan barna þeirra í skólanum kemur í ljós að enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur, og líðan nemenda og foreldrar þeirra. Samkvæmt rannsóknum John Hattie (2009) þá má rekja um 70% af námsárangri nemenda til þátta utan skólans, ekki síst til heimilanna.

Mentor er námsumsjónarkerfi skólans. Kennarar setja þar ýmsar upplýsingar um skólastarfið, námsmatið fer fram þar og foreldrar þurfa að fylgjast vel með. Allir foreldrar fá aðgangsorð á Mentor og ef það tapast er hægt að snúa sér til skrifstofu til að fá nýtt. Vinsamlegast gætið að lykilorðinu og veitið barninu ykkar ekki aðgang að því. Unglingadeildin notar einnig „Google classroom“ til að koma upplýsingum til nemenda. Mælt er til að foreldrar noti sinn aðgang á Mentor til að tilkynna veikindi en einnig er hægt að hringja á skrifstofuna í síma 4117848.

Heimasíða skólans er fyrst og fremst upplýsinga- og fréttasíða skólans fyrir forráðamenn og nemendur. Allir árgangar eiga bekkjarsíðu þar sem umsjónakennarar senda vikuleg fréttabréf og myndir úr skólastarfinu.

Á hverju hausti er haldið kynningarkvöld fyrir foreldra þeirra nemenda sem eru að hefja nám í 1. og 7. bekk skólans. Þar er skólastarfið kynnt og foreldrar fá tækifæri til að hitta ýmsa sem koma að hópnum. Í upphafi skólaárs eru einnig kynningarfundir fyrir aðra árganga skólans sem fara fram að morgni.

Skólaráð Sæmundarskóla fundar reglulega, fundaáætlun er sett út á heimasíðu skólans á haustin. Hægt er að koma ábendingum um það sem betur má fara í skólastarfinu til meðlima skólaráðs sem taka málefnið fyrir á næsta fundi.

Starf foreldrafélags og bekkjarfulltrúa er skipulagt af foreldrum og er í umsjá formanns foreldrafélags. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn í upphafi skólaárs, þar er kosið í stjórn foreldrafélagsins ásamt því að valið er í skólaráðið. Bekkjarfulltrúar eru kosnir á skólaásetningu og hittast þeir á fundi með stjórn foreldrafélags til að skipuleggja bekkjarviðburði.

Umsjónarkennari er í samskiptum við foreldra um þau mál er snerta einstaka nemendur, heimanám og annað sem eingöngu snýr að starfi bekkjarins. Boðið er upp á foreldraviðtöl þrisvar á skólaári en einnig er unnt að funda oftari ef þurfa þykir.

Ef foreldrar þurfa að ná tali af kennara er bent á að hringja á skrifstofuna en einnig er sjálfsagt að nota tölvupóstinn. Kennari hringir í síðasta lagi daginn eftir að skilaboðin berast.

Þegar foreldrar vilja ná tali af starfsfólki skólans þarf að panta tíma, ef þeir eiga erindi inn í skólann eftir að skólastarf hefst þá óskum við eftir að þeir gefi sig fram við skrifstofu skólans því við viljum fylgjast með umferð um skólann til að tryggja öryggi barnanna.

Við þessi skrif er stuðst við Viðmið Skóla- og frístundasviðs um foreldrasamskipti sem sjá má [hér](#)